

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar

Frá: Ingibjörgu Jóhannsdóttur og Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur

Efni: Sjúkraþjálfun í Dalabyggð

Búðardal, 6. október 2021

Eftir að Ungmennafélagið Ólafur Pái keypti húsnæði að Vesturbraut 8 hefur þar orðið mikil uppbygging. Í dag eru í húsnæðinu líkamsræktarstöð, snyrtistofa, Bowen meðferðir og hárgreiðslustofa. Enn er eitt herbergi laust og hefur því verið haldið eftir með von um að hægt væri að koma á fót sjúkraþjálfun í Dalabyggð. Það verkefni er nú komið af stað.

Eins og staðan er í dag þurfa íbúar Dalabyggðar að leita til sjúkraþjálfara út fyrir sveitarfélagið. Einhverjir sækja þessa þjónustu yfir í Borgarbyggð (Borgarnes), aðrir suður til Reykjavíkur og einhverjir hafa nýtt sér þjónustu í Stykkishólmi og svo fjarsjúkraþjálfun. Við þekkjum það sem hérna búum að ferðalög sem þessi taka tíma. Erfitt getur verið að treysta á veðurskilyrði yfir vetrartímann, aðilar geta þurft að taka sér frí frá vinnu til að geta farið og þá hafa íbúar nefnt að vegna vegalengdar henti ekki að fara yfir í önnur bæjarfélög þar sem það hafi neikvæð áhrif á árangur sjúkraþjálfunar að þurfa sitja lengi í bíl eftir tímana s.s. sækja sér ekki aðstoð vegna stöðunnar.

Með óformlegri könnun sást að yfir 10% íbúa hafa þurft eða þurfa að sækja sér sjúkraþjálfun út fyrir svæðið. Þann fyrirvara skal hafa að könnunin var gerð á samfélagsmiðlum og því má gera ráð fyrir að enn fleiri geti verið þarna undir (s.s. börn, eldra fólk, einstaklingar sem sækja ekki þjónustuna þó þeir þyrftu þess og aðilar sem ekki sáu könnunina).


Ingibjörg Jóhannsdóttir hefur haft forgöngu um verkefnið. Kominn er hópur sjálfbóðaliða sem mun vinna að verkefninu með henni. Byrjað var á að taka saman hvað þyrfti að gera, hvar væru möguleikar á fjármagni og svo hver gætu mögulega orðið næstu skref. Ingibjörg og Jóhanna funduðu með Ólafi Sveinssyni fagstjóra atvinnuþróunar hjá SSV þann 5. október sl. og ræddu hugmyndina að baki þess að koma á fót aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun í Dalabyggð. Af þeim fundi komu góðir punktar sem unnið verður með áfram.

Hópurinn stefnir á að funda í næstu viku og fara yfir stöðuna. Fyrsta verkefnið er að klára frágang á herberginu og afla þess búnaðar sem rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands og sjúkraþjálfara skilgreinir sem grunnbúnað til að hægt sé að veita þjónustuna. Greina þarf kostnað við framkvæmdir og innkaup, því næst verður haft verður samband við þau félög sem geta komið að fjármögnun í samstarfi við ungmennafélagið. Eitt af áherslum við frágang er hjólastólaaðgengi við húsnæðið. Þar þarf að leita fjármagnsmöguleika til að hægt sé að tryggja jafnt aðgengi fyrir alla að aðstöðunni í húsnæðinu.


Að mati undirritaðra er þetta mikilvægt samfélagsverkefni sem snertir m.a. atvinnutækifæri, búsetu á svæðinu, heilsu og heilbrigði íbúa. Með tilkomu sjúkraþjálfunar í Dalabyggð væru atvinnurekendur ekki að missa starfsfólk úr vinnu sem þurfa að sækja sér þjálfun, hægt verður að bregðast fyrr og betur við í aðstæðum þar sem sjúkraþjálfunar er þörf og þjónustustig við íbúa í heimabyggð hækkar. Einnig teljum við að ef slíkri þjónustu væri komið hérna upp væru ekki aðeins íbúar í Dalabyggð markhópurinn, heldur einnig næstu byggðarlög nærri okkur sem búa við sama skort.

Tilfni þessa erindis er að upplýsa sveitarstjórn um verkefnið og framgang þess ásamt því að leita liðsinnis ef möguleiki er á aðstoð og ábendingum um hvernig sé hægt að gera sjúkraþjálfun í heimabyggð að veruleika.

Virðingarfyllt,



Ingibjörg Jóhannsdóttir



Jóhanna María Sigmundsdóttir